Apríl 2003

# Sólheimar í Grímsnesi

# 1996-1999

RÍKISENDURSKOÐUN

# Efnisyfirlit

SAMANTEKT OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR .................... 5

1. INNGANGUR .................... 9

1.1. ALMENNT UM MÁLEFNI FATLAÐRA .................... 10
1.2. LÖG OG REGLUGERÐIR .................... 11

2. STARFSEMIN Á SÓLHEIMUM .................... 13

2.1. TILGANGUR SÓLHEIMA .................... 13
2.2. REKSTRARFORM SÓLHEIMA .................... 14
2.3. STJÓRN OG FULLTRÚARÁÐ SÓLHEIMA .................... 14
2.4. ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ SÓLHEIMA .................... 15

3. FJÁRFRAMLÖG RÍKISINS TIL SÓLHEIMA .................... 21

3.1. ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIS OG SÓLHEIMA .................... 23
3.2. FRAMLÖG TIL SÓLHEIMA .................... 25
3.3. LAUNAKOSTNAÐUR .................... 27
3.4. ANNAR KOSTNAÐUR OG AFGJALD .................... 30
3.5. HEILDARREKSTRARKOSTNAÐUR .................... 33
3.6. STYRKTARSJÓÐUR SÓLHEIMA OG AÐRIR SJÓÐIR .................... 35

VIÐAUKI I .................... 37

VIÐAUKI II .................... 45

# Töflur og myndir

TAFLA 1. SAMANBURÐUR Á HLUTFALLSLEGRI SKIPTINGU FRAMLAGA RÍKISINS TIL SÓLHEIMA OG RAUNVERULEGRI SKIPTINGU. ....6
TAFLA 2. ÞJÓNUSTUMAT SKV. ÞJÓNUSTUSAMNINGI FRÁ 1996 ....24
TAFLA 3. FJÁRVEITINGAR, STYRKIR OG GJAFAFÉ TIL SÓLHEIMA 1995-2001 ....25
TAFLA 4. SAMANBURÐUR Á LAUNAKOSTNAÐI OG FJÁRVEITINGU ....27
TAFLA 5. MUNUR Á LAUNAKOSTNAÐI A-LIÐAR SAMKVÆMT FJÁRVEITINGU OG RAUNKOSTNAÐI ....28
TAFLA 6. SAMANBURÐUR Á ÖÐRUM KOSTNAÐI OG FJÁRVEITINGU ....31
TAFLA 7. MUNUR Á ÖÐRUM KOSTNAÐI SAMKVÆMT FJÁRVEITINGU OG RAUNKOSTNAÐI ....32
TAFLA 8. SAMANBURÐUR Á HEILDARKOSTNAÐI OG FJÁRVEITINGU ....33
MYND 1. A-LIÐUR ....34
MYND 2. B-D LIÐUR ....34
MYND 3. AFGJALD OG STYRKTARSJÓÐUR ....34

# Töflur í Viðauka I

TAFLA 1A. FJÁRVEITINGAR SAMKVÆMT ÞJÓNUSTUSAMNINGI ....37
TAFLA 1B. FJÁRVEITINGAR SAMKVÆMT FJÁRAUKALÖGUM OG AFGJALDSNEFND ....37
TAFLA 2. ÁÆTLUÐ SKIPTING FJÁRVEITINGA SKV. ÞJÓNUSTUSAMNINGI FYRIR ÁRIN 1996 - 1999 ....38
TAFLA 3A. SAMANBURÐUR Á LAUNAKOSTNAÐI OG FJÁRVEITINGU ....39
TAFLA 3B. SAMANBURÐUR Á ÖÐRUM KOSTNAÐI OG FJÁRVEITINGU ....39
TAFLA 3C. SAMANBURÐUR Á HEILDARKOSTNAÐI OG FJÁRVEITINGU ....40
TAFLA 4. FJÁRVEITINGAR OG ÚTGJÖLD ÁRSINS ....41
TAFLA 5. REKSTRARYFIRLIT FYRIRTÆKJA SÓLHEIMA FYRIR ÁRIÐ 1997 ....42
TAFLA 6. REKSTRARYFIRLIT FYRIRTÆKJA SÓLHEIMA FYRIR ÁRIÐ 1998 ....43
TAFLA 7. REKSTRARYFIRLIT FYRIRTÆKJA SÓLHEIMA FYRIR ÁRIÐ 1999 ....44

# Samantekt og helstu niðurstöður

Sólheimar í Grímsnesi fá árlega fjárveitingu úr ríkissjóði til að standa undir þjónustu við fatlaða íbúa staðarins. Í þeirri úttekt sem hér liggur fyrir er gerð grein fyrir því hvernig framlögum fyrir árin 1996-1999 var ráðstafað.

Árið 1996 gerðu félagsmálaráðuneytið og Sólheimar þjónustusamning sín á milli. Í honum var kveðið á um það hversu há framlög ríkisins skyldu vera og hvernig þeim skyldi ráðstafað í meginatriðum. Framlög samkvæmt þessum samningi tóku m.a. mið af þjónustumati vegna fatlaðra íbúa. Forsvarsmenn Sólheima sögðu samningi þessum upp í júní 1996 en síðan var hann framlengdur um eitt ár hinn 30. janúar 1997.

Ágreiningur hefur verið um það hvort þjónustusamningurinn frá 1996 sé ennþá í gildi. Félagsmálaráðuneytið mun jafnan hafa litið svo á og hafa framlög ríkisins til Sólheima eftir 1997 tekið mið af forsendum hans. Þessi túlkun byggist á ákvæðum 10. gr. samningsins um að hann framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp fyrir 1. júlí ár hvert. Forsvarsmenn Sólheima hafa vísað á bug þessum sjónarmiðum og telja þeir sig því óbundna af forsendum samningsins.

Í skýrslu frá árinu 2002 taldi Ríkisendurskoðun ekki hafið yfir allan vafa að þjónustusamningurinn frá 1996 væri fallinn úr gildi. Eins og á stóð hefði verið eðlilegt að leggja samninginn til grundvallar þegar fjárframlögum ríkisins var ráðastafað. Þá var bent á að stjórnvöld þyrftu að gera þeim aðilum sem veita fötluðu fólki þjónustu gleggri grein fyrir þeim skilyrðum sem þau setja vegna

fjárframlaga til þeirra og sjá til þess að þau skilyrði væru virt. Þessi afstaða Ríkisendurskoðunar er óbreytt.

Í þjónustusamningnum var kveðið á um að fjárveiting ríkisins til Sólheima skyldi skiptast með tilteknum hætti. Gert var ráð fyrir sérgreindu framlagi til búsetu fatlaðra (a), framlagi til dagvistunar- og atvinnumála (b), til þjónustu við byggðarkjarna (c) og til yfirstjórnar (d). Auk þess skyldi ríkið greiða afgjald vegna afnota af húsnæði, lausafjármunum og heitu vatni. Þegar sundurliðun fjárveitingar fyrir árin 1996-1999 er borin saman við raunverulega skiptingu kemur í ljós verulegur munur.

Tafla 1. Samanburður á hlutfallslegri skiptingu framlaga ríkisins til Sólheima árin 1996-1999 og raunverulegri skiptingu.

| | Samkvæmt fjárveitingu | Raunveruleg skipting |
|---|---|---|
| a-liður | 61% | 39% |
| b-d liður | 31% | 43% |
| Afgjald og styrktarsj | 8% | 17% |
| Afgangur | | 1% |

Þetta yfirlit sýnir að framlögum ríkisins til Sólheima var ráðstafað með talsvert öðrum hætti en kveðið var á um í þjónustusamningi.

Ríkisendurskoðun telur að á árabilinu 1996 til 2001 hafi um 158 m.kr. af fjárveitingu ríkisins til þjónustu við fatlaða á Sólheimum verið varið á annan hátt en samningur aðila gerði ráð fyrir. Í stað þess að þetta fé færi til umönnunar við fatlaða var það að stærstum hluta notað til umfangsmeiri atvinnurekstrar, meiri stofnkostnaðar við húsnæði og meira viðhald á staðnum en samningurinn gerði ráð fyrir. Ríkisendurskoðun telur ótækt að þeir sem taka að sér lögbundna þjónustu og gera sérstakan samning þar að lútandi breyti að eigin vild hvernig fjárveitingum er ráðstafað og án samþykkis þeirra sem kaupa þjónustuna.

Að mati Ríkisendurskoðunar ber stjórnvöldum að kanna hvaða áhrif þessi ráðstöfun hefur á réttindi og skyldur aðila, skv. samningum og réttarstöðu að öðru leyti. Í þessu sambandi skal vakin athygli á 9. gr. þjónustusamningsins sem kveður á um að gerðardómur skuli leysa úr ágreiningi samningsaðila.

Niðurstaða þessarar úttektar er í öllum meginatriðum sú sama og í fyrri skýrslu.

# 1. Inngangur

Sólheimar í Grímsnesi fá árlega fjárveitingu úr ríkissjóði til að standa undir þjónustu við fatlaða íbúa staðarins. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því hvernig framlögum ríkisins á árunum 1996–1999 var ráðstafað og höfð hliðsjón af ákvæðum þjónustusamnings Sólheima og félagsmálaráðuneytisins frá 1996. Ekki er hins vegar lagt mat á það hvort sá þjónustusamningur hafi verið best til þess fallinn að mæta þörfum fatlaðra íbúa Sólheima eða hvort aðrar leiðir hefðu verið æskilegri. Þá skal tekið fram að bókhald og ársreikningar Sólheima voru ekki endurskoðuð.

Árið 2002 var gerð úttekt á starfsemi og rekstri Sólheima vegna áranna 2000 og 2001. Þar kom fram að fjármunum var varið með nokkuð öðrum hætti en gert var ráð fyrir í þjónustusamningi. Því var ákveðið að skoða fleiri ár, þ.e. frá 1996-1999. Megináhersla var lögð á að kanna hvernig framlögum ríkisins hefði verið varið. Úttektin er eingöngu unnin úr þeim gögnum sem lögð voru fram í bókhaldi Sólheima þau ár sem voru til skoðunar en lesendum til glöggvunar er hluti þeirra upplýsinga sem fram komu í síðustu skýrslu tekinn inn í þessa skýrslu.

Úttekt þessi var unnin að frumkvæði Ríkisendurskoðunar. Um heimild stofnunarinnar til að framkvæma úttekt sem þessa skal annars vegar bent á lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 og hins vegar á lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997. Samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun getur stofnunin framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi eða þjónustu sem ríkinu ber að greiða fyrir en sveitarfélög eða einkaaðilar annast samkvæmt sérstökum samningi við ríkið. Þá má einnig benda á 1. tl. 3. gr. fjárreiðulaga og 7. gr. þjónustu-

samnings Sólheima og félagsmálaráðuneytisins frá 1. mars 1996.

Skýrslan byggir á fjárhagslegum gögnum frá Sólheimum. Við skiptingu kostnaðar á þá málaflokka sem samningurinn kveður á um var gengið út frá sambærilegum forsendum og í fyrri skýrslu.

Í 2. kafla skýrslunnar er gerð grein fyrir starfsemi Sólheima og í 3. kafla er fjallað um fjárframlög ríkisins til þjónustuheimilisins. Að hluta til er um sömu grunnupplýsingar að ræða og í fyrri skýrslu. Þessi skýrsla byggir þó á nýjum fjárhagsupplýsingum, þ.e. frá árunum 1996–1999. Vísað er til skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2002 um frekari umfjöllun

## 1.1. Almennt um málefni fatlaðra

Yfirstjórn málefna fatlaðra heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Sérstök nefnd, svokölluð stjórnarnefnd, skal vera félagsmálaráðuneytinu til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefndin fer einnig með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Á hverju starfssvæði starfar svæðisráð í málefnum fatlaðra og fer svæðaskipting eftir kjördæmaskipan. Svæðisráðum er einkum ætlað að hafa eftirlit með starfsemi er snýr að fötluðum, stuðla að samræmingu og sjá um réttindagæslu fatlaðra. Á hverju starfssvæði starfa einnig svæðisskrifstofur. Þær annast daglegan rekstur stofnana á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu er varðar málefni fatlaðra.

# 1.2. Lög og reglugerðir

## Lög

Um málefni fatlaðra gilda lög nr. 59/1992. Samkvæmt 1. gr. er markmið þeirra að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

## Reglugerðir

Lög um málefni fatlaðra mynda ramma málaflokksins en nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna eru sett í reglugerðum. Helstu reglugerðir í málefnum fatlaðra eru:

- Reglugerð um svæðisskrifstofur málefna fatlaðra nr. 273/1993.
- Reglugerð um stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra nr. 204/1994.
- Reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 555/1994.
- Reglugerð um öryrkjavinnu nr. 159/1995.
- Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996.
- Reglugerð um svæðisráð málefna fatlaðra nr. 606/1998.

# 2. Starfsemin á Sólheimum

Hugsjónakonan Sesselja H. Sigmundsdóttir stofnaði Sólheima í Grímsnesi árið 1930 sem heimili fyrir umkomulaus börn og voru þeir gerðir að sjálfseignarstofnun 1934. Sesselja hafði áður en hún stofnaði Sólheima menntað sig í Þýskalandi og Sviss í umönnun barna og lífrænni ræktun. Þar kynntist hún hugmyndafræði Austurríkismannsins Rudolfs Steiners. Antroposófískar kenningar hans, sem víða hafa haft áhrif, byggjast á virðingu fyrir öllu lífi og trú á endurfæðingu. Gert er ráð fyrir órjúfanlegum tengslum manns og náttúru og að tilveran sé samfelldur þroskaferill. Starfsemin á Sólheimum var frá fyrstu tíð byggð á slíkum kenningum en aðlöguð ýmsum aðstæðum hér á landi. Sesselja veitti Sólheimum forstöðu allt þar til hún féll frá árið 1974.

## 2.1. Tilgangur Sólheima

Tilgangur Sólheima samkvæmt núgildandi skipulagsskrá er að starfrækja heimili, þjónustumiðstöð og verndaða vinnustaði fyrir fatlaða þar sem þeim er veitt þjálfun og leiðsögn svo þeir geti lifað eðlilegu lífi og hasla sér völl á þeim sviðum samfélagsins sem þeim vegnar best. Ennfremur skal reka heilsuhæli, endurhæfingarstöð, gróðrastöð, garðyrkjustöð, verslun og aðra slíka starfsemi, ýmist með beinum hætti eða með aðild að sjálfstæðum rekstrarfélögum.

Markmið Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag fólks sem leggur áherslu á ræktun manns og náttúru. Í atvinnu er lögð áhersla á lífræna ræktun, vinnslu afurða úr náttúrulegum efnum og endurvinnslu.

## 2.2. Rekstrarform Sólheima

Sólheimar eru sjálfseignarstofnun og hefur starfsemin tekið mið af lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Í skipulagsskrá skal greina stofnfé og hvaðan það er runnið, svo og hvert markmið sjóðs eða stofnunar er og hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum. Þá skal greina skýrt frá hvernig stjórn sjóðs eða stofnunar skal skipuð og hver skuli bera ábyrgð á fjárvörslu.

Ekki má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign sjóðs eða stofnunar nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Áður en tekin er afstaða til umsóknar um veðsetningu eða sölu slíkrar fasteignar skal leitað umsagnar Ríkisendurskoðunar.

## 2.3. Stjórn og fulltrúaráð Sólheima

Sjálfseignarstofnun Sólheima er stjórnað af ráði 21 fulltrúa sem prestastefna tilnefnir. Fulltrúaráð Sólheima var stofnað samkvæmt skipulagsskrá frá 25. janúar 1993. Árlega er haldinn aðalfundur fulltrúaráðsins þar sem kjörin er fimm manna framkvæmdastjórn. Stjórnarformann skal kjósa sérstakri kosningu.

Fyrir fulltrúaráðið skal leggja til staðfestingar fjárhagsáætlun sjálfseignarstofnunarinnar svo og ársreikninga hverju sinni. Fyrir fulltrúaráðið skal ennfremur leggja allar meiriháttar ákvarðanir um rekstur stofnunarinnar sem framkvæmdastjórn telur nauðsynlegt að bera undir það.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur og stjórnun Sólheima. Þá skal stjórnin sjá um að heimilið sé rekið í samræmi við gildandi lög um málefni

fatlaðra og að þær hefðir sem skapast hafa í rekstri heimilisins séu í heiðri hafðar.

Styrktarsjóður Sólheima hefur sjálfstæðan fjárhag og starfar samkvæmt sérstakri skipulagsskrá. Tilgangur sjóðsins er aðallega að veita styrki eða lán til verklegra framkvæmda á Sólheimum og veita starfsfólki eða öðrum styrki eða lán til náms eða námsdvalar er tengist starfi Sólheima. Ennfremur er tilgangur sjóðsins að styrkja ferðalög, sumardvalir og annað frístundastarf vistfólks á Sólheimum. Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Formaður stjórnar Sólheima skal vera formaður sjóðsstjórnar. Fulltrúaráð Sólheima kýs aðra stjórnarmenn til eins árs í senn.

## 2.4. Þjónustumiðstöð Sólheima

Þjónustumiðstöð Sólheima veitir aðstoð þeim einstaklingum sem vegna fötlunar sinnar geta ekki að fullu borið ábyrgð á því að búa og starfa einir. Hún skal bæta þessum einstaklingum upp það sem vantar á getu þeirra, bæði við heimilisstörf og atvinnu. Þá skal hún einnig sjá um að skipuleggja einstaklingsbundna þjónustu og þjálfun fyrir hina fötluðu íbúa.




Þjónustumiðstöðin skiptist í tvö svið, heimilissvið og atvinnusvið, en félagsstörf heyra undir stjórn sérstaks félagsmálafulltrúa.

## 2.4.1. Búsetu- og heimilissvið

Fjörutíu fatlaðir íbúar eiga lögheimili á Sólheimum og er búseta þeirra með tvenns konar hætti, þ.e. sjálfstæð búseta og sambýli. Í sjálfstæðri búsetu búa fatlaðir íbúar annaðhvort í einstaklings- eða paraíbúðum. Þeir annast sjálfir heimilishald en heimilissvið þjónustumiðstöðvar sér um það sem þeir geta ekki gert sjálfir vegna fötlunar

sinnar. Sambýli eru heimili fyrir 5-6 fatlaða einstaklinga sem búa í sama húsi og hafa sameiginlegt heimilishald. Þeir taka þátt í heimilisstörfum eins og geta og færni leyfa. Á Sólheimum eru tvö sambýli auk „heldrimanna-húss“ að Bláskógum sem hugsað er sem einskonar elli-heimili. Var það tekið í notkun síðari hluta árs 2000.

Stuðningsfulltrúar sem í daglegu tali eru kallaðar fóstrur á Sólheimum aðstoða íbúa við þá þætti daglegs heimilislífs sem þeir vegna fötlunar sinnar hafa ekki getu eða færni til að sinna. Heimilissvið hefur auk annarra þátta umsjón með heilsuvernd fatlaðra íbúa, þ.e. að fylgja þeim á heilsugæslustöð og til sérfræðinga og að annast lyfjagjöf.

## 2.4.2. Atvinnusvið

Í lok árs 2001 rak atvinnusvið sex vinnustofur; vefstofu, listasmiðju, smíðastofu, hljóðfærasmiðju, jurtastofu og þjónustudeild. Þá eru á Sólheimum fimm sjálfstætt starf-andi fyrirtæki. Vinnustofum og fyrirtækjum hefur fjölgað nokkuð frá árinu 1996. Þá voru þar þrjár vinnustofur og þrjú fyrirtæki. Kertagerð var gerð að sjálfstætt starfandi fyrirtæki á árinu 1998. Starfsemi garðyrkjustöðvarinnar Sunnu og skógræktarstöðvarinnar Ölvar hefur auk þess aukist nokkuð frá árinu 1996. Allir fatlaðir íbúar á Sólheimum hafa átt kost á fullri atvinnu.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2002 kom fram að á atvinnusviði starfa engir iðjuþjálfar og að engir sérstakir leiðbeinendur eru fyrir fatlað fólk á vinnustöðunum. Það hvílir því á forstöðumanni hvers vinnustaðar að reka staðinn og leiðbeina hinum fötluðu. Þá kom fram í skýrslunni að enginn forstöðumaður fyrirtækja Sólheima hefur fagþekkingu á umönnun fatlaðra. Einnig kom fram að vegna undirmönnunar gefist ekki alltaf tími til kennslu og leiðbeininga. Ekki liggja fyrir upplýsingar um að þetta hafi breyst og gera verður ráð fyrir að þeir fáu þroska- og iðjuþjálfar sem starfað hafa á Sólheimum hafi lítið getað nýtt fagþekkingu sína.

Samkvæmt reglugerð nr. 376/1996 um atvinnumál fatlaðra skal á vernduðum vinnustöðum endurmeta með skipulögðum hætti getu einstaklinga og viðfangsefni og kanna hvort starfsgeta þeirra nýtist til annarra viðfangsefna eða annarra starfa, t.d. á almennum vinnumarkaði. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2002 kom fram að á árinu 2001 hafi fyrst verið sett ákvæði um starfsþjálfun fatlaðra í samkomulagi því sem Sólheimar gerðu við fyrirtæki sín. Á Sólheimum var vinnufærni einstaklinga hins vegar metin á árunum 1998 og 1999 og þeim sett markmið fram í tímann.

### 2.4.3. Fyrirtæki Sólheima

Fyrirtækin á Sólheimum hafa verið rekin sem sjálfstæðar rekstrareiningar en á forræði Sólheima. Fram kom í fyrri skýrslu að framkvæmdastjórn Sólheima vill færa fyrirtækin alfarið yfir til Styrktarsjóðs Sólheima. Fyrirtækin á Sólheimum í lok árs 2001 voru eftirfarandi:

- Sunna, garðyrkjustöð. Garðyrkjustöðin Sunna framleiðir lífrænt ræktað grænmeti í gróðurhúsum og útimatjurtagörðum. Grænmetið er selt til mötuneytis Sólheima, verslunarinnar Völu og á höfuðborgarsvæðinu.
- Ölur, skógræktarstöð. Skógræktarstöðin Ölur framleiðir lífrænt ræktaðar trjáplöntur. Stöðin ræktar um 300 þúsund plöntur á ári og um 20 þúsund sumarblóm. Þá ræktar hún skógarplöntur sem gróðursettar eru í skógræktarlandi Sólheima.
- Verslunin Vala. Verslunin Vala selur matvörur og lífrænt ræktað grænmeti frá garðyrkjustöðinni Sunnu. Hún selur einnig þá muni sem fatlaðir íbúar framleiða á vinnustöðum Sólheima, handverk, listmuni og listaverk.
- Brekkukot, gisti- og heilsuheimili. Brekkukot býður upp á gistingu fyrir allt að 35 manns í 2 húsum, Brekkukoti og Veghúsum.

- **Kertagerð.** Í kertagerð Sólheima eru framleidd kerti, sem að mestu leyti eru gerð úr endurunnu vaxi.

# 3. Fjárframlög ríkisins til Sólheima

Lengst af var ekki í gildi samningur milli ríkisins og Sólheima um þá starfsemi sem ríkið fjármagnar, heldur var framlagi ríkisins ráðstafað með hliðsjón af fjárlögum og lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra. Í 14. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 var félagsmálaráðherra veitt heimild til að gera sérstaka þjónustusamninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir. Samkvæmt þeirri heimild undirrituðu félagsmálaráðuneytið og stjórn Sólheima árið 1996 samning um þjónustu við fatlaða íbúa staðarins og greiðslur ríkisins fyrir hana. Samningurinn var afturvirkur og gilti frá ársbyrjun 1995.

Í þjónustusamningnum frá 1996 er m.a. gerð grein fyrir því til hvaða þátta í starfsemi Sólheima hann taki. Í 4. gr. kemur fram hvernig skipta skuli fjárveitingum til stofnunarinnar milli samningsbundinna verkefna. Í 6. gr. kemur fram að ráðuneytið skuli árlega greiða Sólheimum svokallað afgjald til að mæta viðhaldi og afskriftum fastafjármuna. Sjá þjónustusamning í viðauka II.

Stjórn Sólheima sagði þjónustusamningnum upp á miðju ári 1996, m.a. vegna þess að Grímsnes- og Grafningshreppur hefði eftir gildistöku samningsins neitað að veita Sólheimum ýmsa þjónustu sem hann hafði áður innt af hendi. Sveitarfélagið taldi hins vegar að ríkið hefði tekið að sér að greiða fyrir þessa þjónustu samkvæmt samningnum. Stjórnendur Sólheima hafa einnig gefið þá skýringu á uppsögninni að þeir hafi ekki vitað hvaða forsendur lágu til grundvallar útreikningi ríkisins á þjónustukostnaði við fatlaðra íbúa.

Þó að Sólheimar segðu upp samningnum hélt ráðuneytið áfram að greiða fyrir þjónustu við fatlaða íbúa staðarins og eins héldu Sólheimar áfram að sinna þessum íbúum. Ráðuneytið telur að þau framlög sem Sólheimar hafa fengið samkvæmt fjárlögum eftir uppsögn samningsins hafi eins og áður grundvallast á forsendum hans. Athafnir og athafnaleysi beggja aðila samningsins hafa ekki verið túlkuð öðru vísi en að þeir hafi í raun litið svo á að samningurinn gilti í samskiptum þeirra meðan ekki væri sérstaklega samið um annað.

Við gerð skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2002 var deilt um það hvort samningurinn sé raunverulega í gildi og hvort fjárframlögum ríkisins til Sólheima skuli ráðstafað eins og hann kveður á um. Forsvarsmenn Sólheima fóru þá fram á að Karl Axelsson hrl. og Heimir Arnar Herbertsson hdl. skiluðu lögfræðilegri álitsgerð um eftirtaldar tvær spurningar:

1. Er þjónustusamningur Sólheima og félagsmálaráðuneytisins í gildi ?
2. Ef svar við spurningu 1 er neikvætt, verður umræddur samningur eða forsendur hans allt að einu lagðar til grundvallar lögskiptum aðila á þann hátt að einstök ákvæði hans bindi hendur stjórnar Sólheima, sérstaklega með tilliti til þess á hvern hátt ráðstafa hafi mátt fjárframlögum hins opinbera til reksturs Sólheima ?

Þeir Karl og Heimir komust að þeirri niðurstöðu að samningurinn væri ekki í gildi, enda hafi honum verið sagt upp með lögformlegum hætti á sínum tíma og endurnýjun hans hafi verið tímabundin til ársloka 1997. Eftir þann tíma hafi því enginn samningur verið í gildi milli Sólheima og félagsmálaráðuneytisins um fjárframlög til rekstrarins og ráðstöfun þeirra. Að mati þeirra Karls og Heimis liggja fyrir gögn sem sýna að starfsmenn félagsmálaráðuneytisins og félagsmálaráðherra hafi aðhyllst þessa túlkun. Þá kemur fram í álitsgerð þeirra að opinber fjárframlög til rekstrar Sólheima eftir 1. janúar 1998 hafi

verið ákvörðuð á fjárlögum hvers árs án viðræðna við stjórnendur Sólheima og án þess að þeim hafi verið gerð grein fyrir því að fjárveitingin væri háð tilteknum skilyrðum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2002 voru gerðar athugasemdir við það að fjárframlög hins opinbera árin 2000 og 2001 hafi að hluta til verið nýtt til annarra verkefna en þeirra sem ráðgerð eru í þjónustusamningi. Í álitsgerðinni er talið að slíkar athugasemdir eigi ekki rétt á sér og bent á að samningurinn hafi ekki verið í gildi. Einnig er bent á að félagsmálaráðuneytinu hafi alla tíð verið ljós sú afstaða stjórnenda Sólheima að opinber fjárframlög til staðarins feli í sér greiðslu fyrir heildar-þjónustu sem fötluðum er veitt á staðnum. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við stjórnendur Sólheima um það hvernig þessi fjárframlög hafi verið nýtt fyrr en Ríkisendurskoðun kom fram með skýrslu sína.

Ríkisendurskoðun telur að deila megi um þær staðhæfingar að þjónustusamningurinn frá 1996 sé fallinn úr gildi og að Sólheimum beri því ekki að leggja forsendur hans til grundvallar þegar fjárframlögum ríkisins er ráðstafað.

## 3.1. Þjónustusamningur milli félagsmálaráðuneytis og Sólheima

Þjónustusamningur ráðuneytisins og Sólheima byggði á þjónustumati frá árinu 1995. Samkvæmt því skyldu greiðslur fyrir umönnun og stuðning við 39 fatlaðra íbúa og umsjón með heimiliseiningum miðast við 1.359 klst. vinnu á viku. Það jafngildir 34 stöðugildum.

Tafla 2. Þjónustumat skv. þjónustusamningi frá 1996

| Flokkur | Fjöldi íbúa | Þjónustu-þörf á viku (klst.) | Samtals á viku (klst.) | Árlegur kostnaður (þús. kr.) |
|---|---|---|---|---|
| Fl. 2 | 3 | 8,5 | 25,5 | 1.190 |
| Fl. 3 | 7 | 17,5 | 122,5 | 5.755 |
| Fl. 4 | 11 | 28,0 | 308,0 | 14.053 |
| Fl. 5 | 13 | 45,5 | 591,5 | 24.501 |
| Fl. 6 | 4 | 59,5 | 238,0 | 9.662 |
| Fl. 7 | 1 | 73,5 | 73,5 | 2.947 |
| | 39 | | 1.359,0 | 58.100 |

Frá árinu 1996 hefur engu að síður verið greitt fyrir 40 fatlaða íbúa. Framlagið var hækkað skv. e-lið þjónustusamningsins og jafngildir því að greitt hafi verið fyrir 35 stöðugildi á heimilissviði frá 1996.

Umönnun og stuðningur við búsetu- og heimilissvið skyldi, samkvæmt samningnum, taka til daglegrar þjónustu við íbúa utan dagvinnutíma á virkum dögum og helgum og stuðnings og leiðsagnar í öllu er varðar persónulega hagi og heimilisrekstur.

Framlag til atvinnustarfsemi samkvæmt samningnum var veitt vegna almennrar atvinnustarfsemi tveggja fyrirtækja á Sólheimum, þ.e. Skógræktarstöðvarinnar Ölurs og Garðyrkjustöðvarinnar Sunnu, og fyrir verndaða vinnu hjá þremur vinnustofum, þ.e. Listasmiðju, Kertagerð og Vefstofu. Eins og fram hefur komið hefur fyrirtækjum og vinnustofum fjölgað síðan samningurinn var gerður.

Félagsmálaráðuneytið greiðir einnig framlag vegna þjónustu við byggðakjarnann á Sólheimum, m.a. fyrir viðhald gatnakerfis, viðhald vatnsveitu, snjómokstur o.fl. Einnig er greitt framlag vegna yfirstjórnar og skrifstofurekstrar.

Samkvæmt samningnum frá 1996 skyldu Sólheimar sjá 40 fötluðum einstaklingum fyrir viðeigandi dagvistun

og/eða atvinnu og skyldi hún fara fram í því húsnæði sem ríkissjóður greiðir afgjald af.

## 3.2. Framlög til Sólheima

Af hálfu félagsmálaráðuneytisins hefur þeim ákvæðum þjónustusamningsins er lúta að fjárveitingum verið viðhaldið, þrátt fyrir að honum hafi verið sagt upp af hálfu Sólheima frá og með 1. janúar 1997. Tafla 3 sýnir fjárveitingar, styrki og gjafafé til Sólheima á tímabilinu 1995 til 2001:

Tafla 3. Fjárveitingar, styrkir og gjafafé til Sólheima 1995-2001

Í þús. kr.

| Ár | Fjárveitingar ríkisins | Afgjald ríkisins | Samtals fjárveiting ríkisins | Styrkir og gjafafé |
|---|---|---|---|---|
| 1995 | 88.200 | 7.400 | 95.600 | |
| 1996 | 90.700 | 8.100 | 98.800 | 1.010 |
| 1997 | 93.000 | 9.100 | 102.100 | 1.579 |
| 1998 | 105.400 | 8.700 | 114.100 | 2.797 |
| 1999 | 108.800 | 9.000 | 117.800 | 4.228 |
| 2000 | 116.700 | 9.300 | 126.000 | 6.577 |
| 2001 | 129.500 | 9.800 | 139.300 | 1.660 |
| *Breyting 1995-2001:* | | | | |
| | 46,8% | 32,4% | 45,7% | |

Afkoma Sólheima var jákvæð öll árin frá 1995 ef 1996 er undanskilið en þá varð 1,3 m.kr. halli á rekstrinum. Árið 1995 var afgangur 4,3 m.kr., 1,2 m.kr. árið 1997, 2,3 m.kr. árið 1998, 1,3 m.kr árið 1999, 4,3 m.kr. árið 2000 og 4,8 m.kr. árið 2001.

Tæp 47% hækkun fjárveitinga til rekstrar Sólheima á tímabilinu 1995 til 2001 er í samræmi við hækkun verðlags þegar miðað er við að launakostnaður nemi 80% og annar kostnaður 20% af almennum rekstrarkostnaði.

Til að mæta viðhaldi og afskriftum fastafjármuna er Sólheimum greitt árlegt afgjald. Hækkun afgjaldsins er í samræmi við breytingar á meðalvísitölu byggingarkostnaðar fyrir ár hvert. Einnig er greitt fyrir afnot af heitu vatni úr borholu á landareign Sólheima og hefur sá liður í afgjaldi hækkað í samræmi við gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Nánari greining á fjárveitingum er sýnd í töflu 1 í viðauka I. Þá greiddi ríkissjóður 18,7 m.kr. framlag til Sólheima samkvæmt fjáraukalögum 1996 til jöfnunar á rekstrartapi fyrri ára.

Aðrar rekstrartekjur af atvinnustarfsemi og annarri starfsemi Sólheima eru færðar til frádráttar kostnaði í rekstrarreikningi. Önnur atvinnustarfsemi Sólheima fer að öðru leyti fram í sjálfstæðum fyrirtækjum sem eru í eigu Sólheima og færa upp sjálfstæð reikningsskil. Meðal rekstrarkostnaðar af atvinnustarfsemi Sólheima eru færð framlög til ofannefndra fyrirtækja. Sjá rekstraryfirlit fyrirtækja Sólheima í töflu 5-7 í viðauka 1.

Í fylgiskjölum með þjónustusamningi stjórnar Sólheima og félagsmálaráðuneytis er lýst hvernig framlag hvers liðar samningsins er reiknað út, sbr. töflu 1 í viðauka I. Til þess að hægt sé að meta hvort sú þjónusta sem veitt er sé í samræmi við samninginn þarf að koma fram í uppgjöri hvers árs hvernig kostnaði hefur verið skipt á þá liði sem nefndir eru í samningnum. Í ársreikningum Sólheima undanfarin ár hefur slíkt ekki verið gert. Ríkisendurskoðun telur sem fyrr nauðsynlegt að bera saman fjárveitingar og raunkostnað, eins og kveðið er á um í fylgiskjölum með þjónustusamningi. Við útreikning á því hvernig kostnaður skiptist milli þeirra málaflokka sem samningurinn getur um var tekið mið af sambærilegum forsendum og í fyrri skýrslu.

## 3.3. Launakostnaður

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2002 kemur fram að framlög vegna launa hafi numið um 85% af þeirri

fjárveitingu til Sólheima fyrir árin 2000 og 2001 sem átti að brúa lið a, b og d í 4. gr. þjónustusamningsins og er það óbreytt. Framlög vegna launa eru um 80% af fjárveitingunni þegar frá eru talin laun til fatlaðra íbúa. Hlutföll þessi eru í samræmi við rekstraráætlun Sólheima frá október 1995 sem lögð var fram í viðræðum ráðuneytisins og Sólheima um þjónustusamninginn. Nánari greining á fjárveitingum vegna launa er sýnd í töflu 4 og töflu 3a í viðauka I.

Tafla 4. Samanburður á launakostnaði og fjárveitingu

Í þús. kr.

| Þjónustusamningur | | Fjárveiting | Útkoma | Frávik |
|---|---|---|---|---|
| *Árið 1996:* | | | | |
| a-liður | | 50.745 | 33.875 | 16.870 |
| b- og d-liður | | 24.265 | 32.000 | -7.735 |
| | Samtals | 75.010 | 65.875 | 9.135 |
| *Árið 1997:* | | | | |
| a-liður | | 52.020 | 37.030 | 14.990 |
| b- og d-liður | | 24.870 | 31.145 | -6.275 |
| | Samtals | 76.890 | 68.176 | 8.715 |
| *Árið 1998:* | | | | |
| a-liður | | 58.990 | 37.825 | 21.165 |
| b- og d-liður | | 28.165 | 35.015 | -6.850 |
| | Samtals | 87.155 | 72.840 | 14.315 |
| *Árið 1999:* | | | | |
| a-liður | | 60.860 | 35.105 | 25.755 |
| b- og d-liður | | 29.115 | 37.960 | -8.845 |
| | Samtals | 89.975 | 73.065 | 16.910 |
| *Samtals 1996 – 1999:* | | | | |
| a-liður | | 222.615 | 143.835 | 78.780 |
| b- og d-liður | | 106.415 | 136.120 | -29.705 |
| | Samtals | 329.030 | 279.955 | 49.075 |

Eins og þetta yfirlit sýnir var launakostnaður árin 1996-1999 umtalsvert lægri en fjárveiting vegna launa eða um 85% af henni. Árin 2000 og 2001 nam launakostnaður að meðaltali um 78% af fjárveitingu til launa.

Sú fjárhæð sem tekin er frá a-lið og ráðstafað til annarra þátta í rekstri Sólheima fer hækkandi frá ári til árs (sjá töflu 5). Á þennan hátt er vikið verulega frá ákvæðum samningsins.

Tafla 5. Munur á launakostnaði a-liðar samkvæmt fjárveitingu og raunkostnaði

| Ár | Raunkostnaður lægri en fjárveiting í þús. kr. | Munur í % |
|---|---|---|
| *1996* | 16.870 | 33% |
| 1997 | 14.990 | 29% |
| 1998 | 21.165 | 36% |
| 1999 | 25.755 | 42% |

Sama niðurstaða fékkst þegar árin 2000 og 2001 voru skoðuð, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2002. Þá nam munurinn á fjárveitingu og raunkostnaði 27.950 þús.kr. á árinu 2000 eða um 42% af fjárveitingu og 35.430 þús.kr. á árinu 2001 eða um 49% af fjárveitingu.

Áðurnefndum mun á fjárveitingu og raunkostnaði a-liðar hefur meðal annars verið ráðstafað til launagreiðslna umfram fjárveitingu vegna b- og d-liðar eins og fram kemur í töflu 4 að ofan. Launakostnaður skv. b- og d-lið var að meðaltali 28% umfram samsvarandi fjárveitingar og hafði aukist á tímabilinu ef árið 1996 er undanskilið. Á árunum 2000 og 2001 var munurinn um 29%.

Skýringin á hærra hlutfalli ársins 1996 sem nam um 32% er sérstakt framlag Sólheima að fjárhæð 1.600 þús.kr. til gistiheimilisins Brekkukots sem var fært undir starfsþjálfun í bókhaldi og er hér talið með sem launakostnaður vegna starfsþjálfunar í b-lið. Réttast hefði verið að flokka þetta framlag til sérstakrar ráðstöfunar afgjaldstekna eins og raunar kom fram í svari stjórnenda Sólheima á sínum tíma við endurskoðun á ársreikningi fyrir árið 1996.

Sá launakostnaður, sem ekki er talinn með í samanburði launa í töflu 4 að ofan, telst til kostnaðar vegna afgjalds og þjónustu við byggðakjarna vegna c-liðar samningsins.

Eins og fram kemur í töflu 3a í viðauka I var ekki gert ráð fyrir samsvarandi fjárveitingu til launa vegna þessara liða samningsins.

Að undanskildu árinu 1999 fengust ekki upplýsingar frá Sólheimum um hvernig starfsfólk skiptist á einstaka deildir. Engu að síður má meta fjölda ársverka út frá launakostnaði deilda og upplýsingum sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2002. Samkvæmt því mati var fjöldi ársverka um 36,5 að meðaltali, eins og sýnt er í töflu 3a í viðauka I. Þá kom fram í fyrri skýrslu að í þjónustusamningi hafi verið gert ráð fyrir að heildarársverk væru samtals 49 talsins. Þar af hafi verið gert ráð fyrir um 14 ársverkum til ráðstöfunar á b- og d-liði samningsins auk þeirra 35 ársverka til þjónustu við fatlaða samkvæmt þjónustumati a-liðar samningsins.

Þegar þessar tölur er bornar saman við hliðstæðar tölur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2002 sést að litlar breytingar hafa orðið á fjölda starfsmanna og launakostnaði á tímabilinu 1996-2001. Fjöldi þeirra starfsmanna sem þjónusta fatlaða er að meðaltali einungis um 73% af þeim fjölda sem ríkið hefur greitt fyrir samkvæmt forsendum þjónustusamningsins og hefur þeim farið fækkandi frá árinu 1996. Munar hér mestu um mun færri starfsmenn við umönnun og stuðning við búsetu fatlaðra íbúa. Þeir voru að meðaltali 18 á tímabilinu 1996-2001 en í samningnum var miðað við 35 stöðugildi. Fjöldi starfsmanna samkvæmt þessum lið þjónustusamnings hefur því verið um helmingur þess sem gert var ráð fyrir.

Niðurstaðan er sú sama og fyrr. Umfram launakostnað má rekja til nýrrar atvinnustarfsemi sem samkvæmt þjónustusamningi er ekki á ábyrgð ríkissjóðs. Ljóst er að fjárveiting vegna launa samkvæmt a-lið 4. gr. í þjónustusamningi hefur verið notuð til annarra verkefna en þeirra sem hún var ætluð til.

## 3.4. Annar kostnaður og afgjald

Í bókhaldi Sólheima eru kostnaðarliðir vegna kynningar á því samfélagi sem stjórn Sólheima hefur verið að skapa undanfarin ár og nefnt hefur verið vistvænt byggðahverfi. Nefna má kostnaðarliði sem tengjast sjálfbærri þróun, vistvænni þróun og grænum potti, og ferða- og dvalarkostnað vegna vistvænnar þróunar og kynnisferða. Þjónustusamningur gerir ekki ráð fyrir neinum slíkum kostnaði. Í þessari úttekt hafa þessir kostnaðarliðir ekki verið greindir frá almennum rekstrarkostnaði.

Til afgjalds telst viðhald húseigna Sólheima, stofnkostnaður, endurnýjun og breytingar á sambýlum og öðru húsnæði Sólheima og Styrktarsjóðs Sólheima auk afgjalds til Hitaveitu Sólheima og Styrktarsjóðs Sólheima. Sólheimar greiða auk þess til Styrktarsjóðs Sólheima og sjóða hans. Öðrum rekstrarkostnaði Sólheima hefur í samræmi við liði a-d í þjónustusamningnum verið skipt upp á sambærilegan hátt og í fyrri skýrslu (sbr. töflu 6). Með öðrum kostnaði er átt við allan kostnað af starfsemi Sólheima annan en launakostnað. Nánari sundurliðun á öðrum rekstrarkostnaði innan hvers málaflokks er í töflu 3b í viðauka 1.

Tafla 6. Samanburður á öðrum kostnaði og fjárveitingu

í þús. kr.

| Þjónustusamningur | Fjárveiting | Útkoma | Frávik |
|---|---|---|---|
| *Árið 1996:* | | | |
| a-liður | 8.955 | 4.863 | 4.092 |
| b-d liður | 6.735 | 6.379 | 356 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 8.100 | 16.923 | -8.823 |
| Samtals | 23.790 | 28.165 | -4.375 |
| *Árið 1997:* | | | |
| a-liður | 9.180 | 6.823 | 2.357 |
| b-d liður | 6.930 | 9.466 | -2.536 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 9.100 | 11.553 | -2.453 |
| Samtals | 25.210 | 27.842 | -2.632 |
| *Árið 1998:* | | | |
| a-liður | 10.410 | 6.680 | 3.730 |
| b-d liður | 7.835 | 11.672 | -3.836 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 8.700 | 15.900 | -7.200 |
| Samtals | 26.945 | 34.251 | -7.306 |
| *Árið 1999:* | | | |
| a-liður | 10.740 | 8.085 | 2.655 |
| b-d liður | 8.085 | 12.769 | -4.684 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 9.000 | 19.027 | -10.027 |
| Samtals | 27.825 | 39.881 | -12.056 |
| *Samtals 1996 - 1999:* | | | |
| a-liður | 39.285 | 26.451 | 12.834 |
| b-d liður | 29.585 | 40.285 | -10.700 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 34.900 | 63.403 | -28.503 |
| Samtals | 103.770 | 130.139 | -26.369 |

Þessi tafla sýnir að annar kostnaður vegna a-liðar samningsins var að meðaltali um 67% af fjárveitingu. Annar rekstrarkostnaður b-d liðar var 36% umfram fjárveitingu. Þá var annar kostnaður af liðum sem falla undir afgjald og styrktarsjóð langt umfram fjárveitingu eða 82% að meðaltali á árunum 1996-1999. Í stórum dráttum er niðurstaðan svipuð og í fyrri skýrslu. Í fylgiskjali 5 í þjónustusamningi er tilgreind sú aðstaða sem Sólheimar leggja til og fellur undir afgjaldagreiðslur.

Sá kostnaður sem kom til hækkunar á afgjaldi á þessum árum hlaust m.a. af kaupum á byggingarvörum og fagvinnu. Árið 1996 var fjárfest í hellum og steinum fyrir 1,1 m.kr., árið 1998 var varið 1,4 m.kr. í vinnu við

Laugavegshús, árið 1998 nam stofnframlag til hitaveitu 3,0 m.kr. og árið 1999 nam stofnkostnaður af fráveitukerfi 4,5 m.kr.

Árið 1997 var fallist á að taka Ólasmiðju með í afgjaldsstofni. Sólheimar greiða árlega afgjald til Styrktarsjóðs Sólheima sem er að mestu leyti vegna leigu Ólasmiðju. Á árunum 1996-1999 námu greiðslur vegna Ólasmiðja að meðaltali 2,6 m.kr. Ólasmiðja hýsir Kertagerð Sólheima og smíðaverkstæði en vefstofa, listasmiðja, leirgerð og Jurtastofa Sólheima eru til húsa í Ingustofu, nýju húsi sem tekið var í notkun á árinu 2000. Ekki er vitað til þess að samþykkt hafi verið að Ingustofa væri tekin með í afgjaldsstofni. Styrktarsjóður Sólheima byggði húsið og fjármagnaði með fjáröflun og sjálfsaflafé, sbr. ársreikning Sólheima 1997.

Eingöngu skal nota það húsnæði sem ríkissjóður greiðir afgjald fyrir undir starfsemi Sólheima en kjósi Sólheimar að hafa það með öðrum hætti skal það vera án afgjalds frá ríkissjóði.

Sú fjárhæð sem ráðstafað er til annarra liða en launakostnaðar í rekstri Sólheima fór samkvæmt töflu 7 hækkandi frá ári til árs frá 1996-1999.

Tafla 7. Munur á öðrum kostnaði samkvæmt fjárveitingu og raunkostnaði

| Ár | Raunkostnaður umfram fjárveitingu í þús. kr. | Munur í % |
|---|---:|---:|
| 1996 | 4.375 | 18% |
| 1997 | 2.632 | 10% |
| 1998 | 7.306 | 27% |
| 1999 | 12.056 | 43% |

Sama niðurstaða fékkst þegar árin 2000 og 2001 voru skoðuð, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2002. Þá nam munurinn á fjárveitingu og raunkostnaði 11,3 m.kr. á árinu 2000 eða 38% umfram fjárveitingu og 18,9 m.kr. á árinu 2001 eða 59% umfram fjárveitingu. Eins og áður

hefur komið fram er verið að ráðstafa fjármunum á annan hátt en þjónustusamningur gerir ráð fyrir.

## 3.5. Heildarrekstrarkostnaður

Í töflu 4 í viðauka I er yfirlit yfir sundurliðaðan rekstrarkostnað. Í töflu 8 hefur rekstrarkostnaði verið skipt á einstaka liði samningsins.

Tafla 8. Samanburður á heildarkostnaði og fjárveitingu

Í þús. kr.

| Þjónustusamningur | Fjárveiting | Útkoma | Frávik |
|---|---|---|---|
| *Árið 1996:* | | | |
| a-liður | 59.700 | 38.738 | 20.962 |
| b-d liður | 31.000 | 41.399 | -10.399 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 8.100 | 19.953 | -11.853 |
| Samtals | 98.800 | 100.090 | -1.290 |
| *Árið 1997:* | | | |
| a-liður | 61.200 | 43.853 | 17.347 |
| b-d liður | 31.800 | 43.161 | -11.361 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 9.100 | 13.963 | -4.863 |
| Samtals | 102.100 | 100.977 | 1.123 |
| *Árið 1998:* | | | |
| a-liður | 69.400 | 44.505 | 24.895 |
| b-d liður | 36.000 | 48.811 | -12.811 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 8.700 | 18.450 | -9.750 |
| Samtals | 114.100 | 111.766 | 2.334 |
| *Árið 1999:* | | | |
| a-liður | 71.600 | 43.190 | 28.410 |
| b-d liður | 37.200 | 52.369 | -15.169 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 9.000 | 20.987 | -11.987 |
| Samtals | 117.800 | 116.546 | 1.254 |
| *Samtals 1996-1999:* | | | |
| a-liður | 261.900 | 170.286 | 91.614 |
| b-d liður | 136.000 | 185.740 | -49.740 |
| Afgjald og Styrktarsjóður | 34.900 | 73.353 | -38.453 |
| Samtals | 432.800 | 429.379 | 3.421 |

Heildarfjárveiting á árunum 1996-1999, samkvæmt a-lið, 4. gr. samningsins, var að jafnaði 22 m.kr. umfram útgjöld Sólheima til verkefna samkvæmt a-liðnum og var

fjárveitingin því notuð til annarra verkefna en þeirra sem hún var ætluð. Annars vegar að jafnaði 12 m.kr. á hverju ári til verkefna sem falla undir b-, c- og d-liði samningsins, hins vegar um 10 m.kr. að jafnaði á ári til framkvæmda og sjóða á vegum Styrktarsjóðs Sólheima.

Myndir 1-3 sýna nánar hvernig kostnaður samkvæmt a-lið er innan við fjárveitingu og á sama hátt hvernig kostnaður vegna annarra liða er umfram fjárveitingu.

Mynd 1. a-liður




Mynd 2. b-d liður




Mynd 3. afgjald og styrktarsjóður



## 3.6. Styrktarsjóður Sólheima og aðrir sjóðir

Styrktarsjóður Sólheima starfrækir þrjá sérgreinda sjóði og er tilgangur þeirra að stuðla að uppbyggingu og styrkja þau málefni sem þeir voru stofnaðir um. Sjóðirnir eru eftirtaldir:

- Menningarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að efla menningarlíf og kaupa listaverk sem komið er fyrir utandyra og í helstu byggingum. Sjóðurinn er fjármagnaður með styrkjum, gjafafé og framlögum frá Styrktarsjóði Sólheima, Sólheimum og fyrirtækjum, auk þess sem honum berast listaverk að gjöf frá velunnurum Sólheima.

- Orlofssjóður. Hlutverk Orlofsjóðs er að styrkja fatlaða íbúa Sólheima og starfsmenn til ferðlaga. Sjóðurinn var stofnaður árið 1990 og er að því stefnt að sjóðurinn standi sjálfur undir sér árið 2004.

- Starfsmenntasjóður. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Sjóðurinn tók til starfa 5. júlí 2002 á 100 ára afmæli Sesselju H. Sigmundsdóttur. Stefnt er að því að sjóðurinn standi sjálfur undir sér árið 2006.

Við greiningu á því hvernig framlögum frá ríkissjóði var varið árin 1996-1999 voru einnig færð undir styrktarsjóð allar tekjur og kostnaður af höggmyndagarði, framlag til kirkjubyggingar, framlög til búsetu starfsmanna og framlög til starfsmannaíbúða.

# Viðauki I

**Tafla 1a. Fjárveitingar samkvæmt þjónustu-samningi**

| Í þús.kr.<br>Ár | Þjónustu-mat og búseta<br>a | Dagvistun og atvinna<br>b | Þjónusta við byggða-kjarna<br>c | Yfirstjórn<br>d | Samtals þjónustu-samningur<br>a-d |
|---|---|---|---|---|---|
| 1995 | 57.800 | 22.200 | 3.000 | 5.200 | 88.200 |
| 1996 | 59.700 | 22.700 | 3.000 | 5.300 | 90.700 |
| 1997 | 61.200 | 23.300 | 3.100 | 5.400 | 93.000 |
| 1998 | 69.400 | 26.400 | 3.500 | 6.100 | 105.400 |
| 1999 | 71.600 | 27.200 | 3.600 | 6.400 | 108.800 |
| 2000 | 76.800 | 29.200 | 3.900 | 6.800 | 116.700 |
| 2001 | 85.300 | 32.500 | 4.100 | 7.600 | 129.500 |
| *Breyting 1995-2001:* | | | | | |
| | 27.500 | 10.300 | 1.100 | 2.400 | 41.300 |
| | 47,6% | 46,4% | 36,7% | 46,2% | 46,8% |

**Tafla 1b. Fjárveitingar samkvæmt fjáraukalögum og afgjaldsnefnd**

| í þús. kr.<br>Ár | Auka fjárveiting | Afgjald Hitaveitu | Afgjald húseigna | Afgjald samtals | Fjárveitingar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 1995 | | 1.700 | 5.700 | 7.400 | 95.600 |
| 1996 | 18.700 | 1.800 | 6.300 | 8.100 | 117.500 |
| 1997 | | 1.900 | 7.200 | 9.100 | 102.100 |
| 1998 | | 1.800 | 6.900 | 8.700 | 114.100 |
| 1999 | | 1.900 | 7.100 | 9.000 | 117.800 |
| 2000 | | 2.000 | 7.300 | 9.300 | 126.000 |
| 2001 | | 2.100 | 7.700 | 9.800 | 139.300 |
| *Breyting 1995-2001:* | | | | | |
| | | 400 | 2.000 | 2.400 | 43.700 |
| | | 23,5% | 35,1% | 32,4% | 45,7% |

## Tafla 2. Áætluð skipting fjárveitinga skv. þjónustusamningi fyrir árin 1996 - 1999

| | Þjónustumat og búseta a | Dagvistun og atvinna b | Þjónusta við byggðakjarna c | Yfirstjórn d | Samtals þjónustusamningur a-d | Samtals þjónustusamningur a-d |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Árið 1996:* | | | | | | |
| Laun 85% | 50.745 | 16.690 | 0 | 4.505 | 71.940 | 75.010 |
| Laun fatlaðra | 0 | 3.070 | 0 | 0 | 3.070 | |
| Annar kostnaður | 8.955 | 2.940 | 3.000 | 795 | 15.690 | 15.690 |
| Rekstur samtals | 59.700 | 22.690 | 3.000 | 5.310 | 90.700 | 90.700 |
| *Árið 1997:* | a | b | c | d | a-d | a-d |
| Laun 85% | 52.020 | 17.130 | 0 | 4.590 | 73.740 | 76.890 |
| Laun fatlaðra | 0 | 3.150 | 0 | 0 | 3.150 | |
| Annar kostnaður | 9.180 | 3.020 | 3.100 | 810 | 16.110 | 16.110 |
| Rekstur samtals | 61.205 | 23.275 | 3110 | 5.410 | 93.000 | 93.000 |
| *Árið 1998:* | a | b | c | d | a-d | a-d |
| Laun 85% | 58.990 | 19.410 | 0 | 5.185 | 83.585 | 87.155 |
| Laun fatlaðra | 0 | 3.570 | 0 | 0 | 3.570 | |
| Annar kostnaður | 10.410 | 3.420 | 3.500 | 915 | 18.245 | 18.245 |
| Rekstur samtals | 69.400 | 26.370 | 3.525 | 6.105 | 105.400 | 105.400 |
| *Árið 1999:* | a | b | c | d | a-d | a-d |
| Laun 85% | 60.860 | 20.000 | 0 | 5.440 | 86.300 | 89.975 |
| Laun fatlaðra | 0 | 3.675 | 0 | 0 | 3.675 | |
| Annar kostnaður | 10.740 | 3.525 | 3.600 | 960 | 18.825 | 18.825 |
| Rekstur samtals | 71.600 | 27.180 | 3.630 | 6.390 | 108.800 | 108.800 |

## Tafla 3a. Samanburður á launakostnaði og fjárveitingu

| Í þús. kr. | Ársverk | Árið 1996 Fjárveiting | Árið 1996 Útkoma | Árið 1996 Frávik | Árið 1997 Fjárveiting | Árið 1997 Útkoma | Árið 1997 Frávik | Árið 1998 Fjárveiting | Árið 1998 Útkoma | Árið 1998 Frávik | Árið 1999 Fjárveiting | Árið 1999 Útkoma | Árið 1999 Frávik |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a. Þjón.mat og búseta | 18-20 | 50.745 | 33.875 | 16.870 | 52.020 | 37.030 | 14.990 | 58.990 | 37.825 | 21.165 | 60.860 | 35.105 | 25.755 |
| b. Dagvistun og atvinna | 7-8 | 16.690 | 10.395 | -6.905 | 17.130 | 10.640 | -5.360 | 19.410 | 9.970 | -6.160 | 20.000 | 10.820 | -5.205 |
| b. Mötuneyti | 2-4 | | 3.800 | | | 4.195 | | | 4.100 | | | 3.565 | |
| b. Starfsþjálfun | 3-5 | | 9.400 | | | 7.655 | | | 11.500 | | | 10.820 | |
| b. Fatlaðir íbúar | (40) | 3.070 | 2.000 | 1.070 | 3.150 | 2.000 | 1.150 | 3.570 | 2.500 | 1.070 | 3.675 | 2.500 | 1.175 |
| c. Þjón. við byggðakjar. | 0-1 | 0 | 3.020 | -3.020 | 0 | 2.550 | -2.550 | 0 | 2.125 | -2.125 | | 1.640 | -1.640 |
| d. Yfirstjórn | 2-3 | 4.505 | 6.405 | -1.900 | 4.590 | 6.655 | -2.065 | 5.185 | 6.945 | -1.760 | 5.440 | 10.255 | -4.815 |
| a.-d. Þjónustusamn. alls | 32-41 | 75.010 | 68.895 | 6.115 | 76.890 | 70.725 | 6.165 | 87.155 | 74.965 | 12.190 | 89.975 | 74.705 | 15.270 |
| Afgjald | 0-1 | 0 | 3.030 | -3.030 | 0 | 2.410 | -2.410 | 0 | 2.550 | -2.550 | 0 | 1.960 | -1.960 |
| Samtals | 32-42 | 75.010 | 71.925 | 3.085 | 76.890 | 73.135 | 3.755 | 87.155 | 77.515 | 9.640 | 89.975 | 76.665 | 13.310 |

## Tafla 3b. Samanburður á öðrum kostnaði og fjárveitingu

| í þús. kr. | Árið 1996 Fjárveiting | Árið 1996 Útkoma | Árið 1996 Frávik | Árið 1997 Fjárveiting | Árið 1997 Útkoma | Árið 1997 Frávik | Árið 1998 Fjárveiting | Árið 1998 Útkoma | Árið 1998 Frávik | Árið 1999 Fjárveiting | Árið 1999 Útkoma | Árið 1999 Frávik |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a. Þjónustumat og búseta | 8.955 | 4.863 | 4.092 | 9.180 | 6.823 | 2.357 | 10.410 | 6.680 | 3.730 | 10.740 | 8.085 | 2.655 |
| b. Dagvistun og atvinna | 2.930 | 2.157 | 783 | 3.020 | 4.616 | -1.596 | 3.420 | 6.107 | -2.687 | 3.525 | 5.233 | -1.708 |
| b. Mötuneyti | | 2.205 | -2.205 | | 2.594 | -2.594 | | 1.790 | -1.790 | | 4.057 | -4.057 |
| c. Þjónusta við byggðakjarna | 3.000 | 954 | 2.046 | 3.100 | 765 | 2.335 | 3.500 | 2.315 | 1.185 | 3.600 | 1.712 | 1.888 |
| d. Yfirstjórn | 795 | 1.063 | -268 | 810 | 1.491 | -681 | 915 | 1.459 | -544 | 960 | 1.767 | -807 |
| a.-d. Þjónustusamningur alls | 15.690 | 11.242 | 4.448 | 16.110 | 16.289 | -179 | 18.245 | 18.351 | -106 | 18.825 | 20.854 | -2.029 |
| Styrktarsjóður | 0 | 1.796 | -1.796 | 0 | 1.035 | -1.035 | 0 | 2.591 | -2.591 | 0 | 2.143 | -2.143 |
| Afgjald alls | 8.100 | 15.126 | -7.026 | 9.100 | 10.518 | -1.418 | 8.700 | 13.309 | -4.609 | 9.000 | 16.884 | -7.884 |
| Samtals | 23.790 | 28.164 | -4.374 | 25.210 | 27.842 | -2.632 | 26.945 | 34.251 | -7.306 | 27.825 | 39.881 | -12.056 |

## Tafla 3c. Samanburður á heildarkostnaði og fjárveitingu

| Í þús. kr. | Árið 1996 | | | Árið 1997 | | | Árið 1998 | | | Árið 1999 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjár-veiting | Útkoma | Frávik | Fjár-veiting | Útkoma | Frávik | Fjár-veiting | Útkoma | Frávik | Fjár-veiting | Útkoma | Frávik |
| a. Þjón.mat og búseta | 59.700 | 38.738 | 20.962 | 61.200 | 43.853 | 17.347 | 69.400 | 44.505 | 24.895 | 71.600 | 43.190 | 28.410 |
| b. Dagvistun og atvinna | 19.630 | 12.552 | -8.327 | 20.150 | 15.256 | -9.550 | 22.830 | 16.077 | -10.637 | 23.525 | 16.053 | -10.970 |
| b. Mötuneyti | | 6.005 | | | 6.789 | | | 5.890 | | | 7.622 | |
| b. Starfsþjálfun | | 9.400 | | | 7.655 | | | 11.500 | | | 10.820 | |
| b. Fatlaðir íbúar | 3.070 | 2.000 | 1.070 | 3.150 | 2.000 | 1.150 | 3.570 | 2.500 | 1.070 | 3.675 | 2.500 | 1.175 |
| c. Þjón. við byggðakjar. | 3.000 | 3.974 | -974 | 3.100 | 3.315 | -215 | 3.500 | 4.440 | -940 | 3.600 | 3.352 | 248 |
| d. Yfirstjórn | 5.300 | 7.468 | -2.168 | 5.400 | 8.146 | -2.746 | 6.100 | 8.404 | -2.304 | 6.400 | 12.022 | -5.622 |
| a.-d. Þjónustusamn. alls | 90.700 | 80.137 | 10.563 | 93.000 | 87.014 | 5.986 | 105.400 | 93.316 | 12.084 | 108.800 | 95.559 | 13.241 |
| Styrktarsjóður | 0 | 1.796 | -1.796 | 0 | 1.035 | -1.035 | 0 | 2.591 | -2.591 | 0 | 2.143 | -2.143 |
| Afgjald | 8.100 | 18.156 | -10.056 | 9.100 | 12.928 | -3.828 | 8.700 | 15.859 | -7.159 | 9.000 | 18.844 | -9.844 |
| Samtals | 98.800 | 100.089 | -1.289 | 102.100 | 100.977 | 1.123 | 114.100 | 111.766 | 2.334 | 117.800 | 116.546 | 1.254 |

## Tafla 4. Fjárveitingar og útgjöld ársins

| Í þús. kr. | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög-Laun | 75.010 | 76.890 | 87.155 | 89.975 |
| Fjárlög-Önnur gjöld | 15.690 | 16.110 | 18.245 | 18.825 |
| Fjárlög-Afgjald | 8.100 | 9.100 | 8.700 | 9.000 |
| Samtals fjárlög | 98.800 | 102.100 | 114.100 | 117.800 |
| | | | | |
| Laun | 71.925 | 73.135 | 77.515 | 76.665 |
| | | | | |
| *Annar rekstrarkostnaður:* | | | | |
| Rekstur skrifstofu | 5.369 | 8.681 | 7.936 | 9.822 |
| Bifreiðakostnaður | 2.128 | 2.050 | 2.393 | 2.403 |
| Mötuneyti | 1.489 | 1.593 | 809 | 2.869 |
| Rekstur vinnustofa | -161 | 1.408 | 2.954 | 1.411 |
| Þjónusta v/byggðalag | 932 | 743 | 2.292 | 1.682 |
| Rekstur húsnæðis | 541 | 555 | 889 | 1.033 |
| Starfsmannakostnaður | 873 | 869 | 948 | 1.195 |
| Frítímastarf | 192 | 208 | -105 | 237 |
| Afmælishátíð ofl. | -122 | 182 | 235 | 201 |
| | | | | |
| *Stofnkostn., viðhald eigna og afgjald:* | | | | |
| Viðhald eigna | 10.590 | 8.144 | 6.050 | 6.850 |
| Stofnkostnaður | 850 | 267 | 2.678 | 5.324 |
| Afgjald Hitaveitu | 0 | 0 | 1.771 | 1.900 |
| Afgjald Styrktarsjóðs | 3.687 | 2.107 | 2.810 | 2.810 |
| | | | | |
| Styrktarsjóður og sjóðir | 1.796 | 1.035 | 2.591 | 2.143 |
| Samtals gjöld | 100.090 | 100.943 | 111.767 | 116.546 |
| | | | | |
| Afkoma | -1.290 | 1.123 | 2.334 | 1.254 |
| | | | | |
| þar af: | | | | |
| Laun | 71.925 | 73.135 | 77.515 | 76.665 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11.242 | 16.289 | 18.351 | 20.854 |
| Stofnkostn., viðhald eigna og afgjald | 15.127 | 10.518 | 13.309 | 16.884 |
| Styrktarsjóður og sjóðir | 1.796 | 1.035 | 2.591 | 2.143 |
| Samtals | 100.090 | 100.977 | 111.766 | 116.546 |

Ekki liggja fyrir upplýsingar um rekstur einstakra fyrirtækja Sólheima (rekstrareininga) á árinu 1996. Launakostnaður nam samtals um 8.400 þús.kr. og framlög Sólheima til þeirra samtals 7.800 kr.

## Tafla 5. Rekstraryfirlit fyrirtækja Sólheima fyrir árið 1997

| | Rekstrartekjur | | | | Rekstrargjöld | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fyrirtæki Sólheima | Sala vöru og þjónustu | Framlag Sólheima *1) | Annað | Tekjur samtals | Laun | Annar kostnaður | Gjöld samtals | Afkoma fyrir afskriftir | Afskriftir | Fjármuna-tekjur og gjöld | Óreglulegar tekjur og gjöld | Hagnaður |
| Kertagerð Sólheima *2) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Garðyrkjustöðin Sunna | 1.434 | 3.100 | 1.500 | 6.034 | 4.359 | 960 | 5.318 | 716 | 0 | -149 | 0 | 567 |
| Verslunin Vala | 10.882 | 655 | 0 | 11.537 | 1.934 | 10.451 | 12.385 | -848 | 0 | -25 | 0 | -872 |
| Skógræktarstöðin Ölur | 1.877 | 3.900 | 412 | 6.189 | 4.120 | 2.674 | 6.794 | -605 | 418 | -515 | 0 | -1.538 |
| Samtals starfsþjálfun | 14.193 | 7.655 | 1.912 | 23.760 | 10.412 | 14.084 | 24.497 | -736 | 418 | -689 | 0 | -1.843 |
| Gistiheimilið Brekkukot | 1.557 | 0 | 0 | 1.557 | 0 | 734 | 734 | 822 | 0 | 0 | 0 | 822 |
| Hitaveita Sólheima *3) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 15.750 | 7.655 | 1.912 | 25.317 | 10.412 | 14.819 | 25.231 | 86 | 418 | -689 | 0 | -1.021 |

Framlag Sólheima *1) Sólheimar greiddu 7.655 þús. kr. framlag fyrir starfsþjálfun fólks með sérþarfir.
Í ársreikningi Sólheima eru 7.655 þús.kr. færðar undir liðnum; Atvinnustarfsemi, kostnaður umfram tekjur.

Kertagerð Sólheima *2) Fyrsta starfsár Kertagerðar Sólheima er árið 1998

Hitaveita Sólheima *3) Fyrsta starfsár Hitaveitu Sólheima er 1998

Hlutfall framlags Sólheima af launakostnaði þriggja efstu fyrirtækjanna nam um 74%
Sama hlutfall án Verslunarinnar Völu er hins vegar um 83%

# Tafla 6. Rekstraryfirlit fyrirtækja Sólheima fyrir árið 1998

| Fyrirtæki Sólheima | Rekstrartekjur | | | | Rekstrargjöld | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Sala vöru og þjónustu | Framlag Sólheima *1) | Annað | Tekjur samtals | Laun | Annar kostnaður | Gjöld samtals | Afkoma fyrir afskriftir | Afskriftir | Fjármuna-tekjur og gjöld | Óreglulegar tekjur og gjöld | Hagnaður |
| Kertagerð Sólheima *2) | 2.891 | 3.600 | 0 | 6.491 | 3.370 | 2.355 | 5.726 | 765 | 0 | -61 | 0 | 704 |
| Garðyrkjustöðin Sunna | 4.254 | 3.500 | 166 | 7.920 | 4.944 | 2.360 | 7.304 | 616 | 1.079 | -7 | 0 | -469 |
| Verslunin Vala | 13.815 | 900 | 0 | 14.715 | 2.287 | 11.819 | 14.105 | 610 | 0 | -59 | 0 | 550 |
| Skógræktarstöðin Ölur | 2.365 | 3.500 | 0 | 5.865 | 5.118 | 1.239 | 6.357 | -492 | 612 | -761 | 0 | -1.866 |
| Samtals starfsþjálfun | 23.325 | 11.500 | 166 | 34.991 | 15.719 | 17.773 | 33.492 | 1.499 | 1.691 | -888 | 0 | -1.080 |
| Gistiheimilið Brekkukot | 3.611 | 0 | 0 | 3.611 | 647 | 2.769 | 3.416 | 195 | 0 | -25 | 0 | 170 |
| Hitaveita Sólheima *3) | 2.940 | 0 | 0 | 2.940 | 0 | 8 | 8 | 2.932 | 0 | -58 | 0 | 2.874 |
| Samtals | 29.877 | 11.500 | 166 | 41.543 | 16.366 | 20.551 | 36.917 | 4.626 | 1.691 | -971 | 0 | 1.964 |

Framlag Sólheima *1) Sólheimar greiddu 11.500 þús. kr. framlag fyrir starfsþjálfun fólks með sérþarfir.
Í ársreikningi Sólheima eru 11.500 þús.kr. færðar undir liðnum; Atvinnustarfsemi, kostnaður umfram tekjur.

Kertagerð Sólheima *2) Fyrsta starfsár Kertagerðar Sólheima, sem sérgreind rekstrareining á Sólheimum.

Hitaveita Sólheima *3) Framlag Sólheima, sem hluti afgjalds, nam 3.008 þús.kr. með VSK.
Fyrsta starfsár Hitaveitu Sólheima, sem sérgreind rekstrareining á Sólheimum.

Hlutfall framlags Sólheima af launakostnaði fjögurra efstu fyrirtækjanna nam um 73%
Sama hlutfall án Verslunarinnar Völu er hins vegar um 79%

## Tafla 7. Rekstraryfirlit fyrirtækja Sólheima fyrir árið 1999

| | Rekstrartekjur | | | | Rekstrargjöld | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fyrirtæki Sólheima | Sala vöru og þjónustu | Framlag Sólheima *1) | Annað | Tekjur samtals | Laun | Annar kostnaður | Gjöld samtals | Afkoma fyrir afskriftir | Afskriftir | Fjármuna-tekjur og gjöld | Óreglulegar tekjur og gjöld | Hagnaður |
| Kertagerð Sólheima | 2.464 | 3.000 | 0 | 5.464 | 3.405 | 2.149 | 5.553 | -89 | 0 | -83 | 0 | -173 |
| Garðyrkjustöðin Sunna | 5.242 | 3.500 | 300 | 9.042 | 5.196 | 2.642 | 7.838 | 1.204 | 1.134 | -1.246 | 0 | -1.176 |
| Verslunin Vala | 14.215 | 500 | 0 | 14.715 | 2.294 | 12.602 | 14.896 | -181 | 0 | -74 | 0 | -255 |
| Skógræktarstöðin Ölur | 5.958 | 3.500 | 0 | 9.458 | 5.728 | 2.995 | 8.723 | 735 | 751 | -1.011 | 0 | -1.026 |
| Atvinnusvið | | 320 | | | | | | | | | | |
| Samtals starfsþjálfun | 27.879 | 10.820 | 300 | 38.679 | 16.622 | 20.388 | 37.010 | 1.669 | 1.885 | -2.414 | 0 | -2.630 |
| Gistiheimilið Brekkukot | 3.428 | 0 | 0 | 3.428 | 1.206 | 2.791 | 3.997 | -569 | 0 | -35 | 0 | -604 |
| Hitaveita Sólheima *3) | 2.607 | 0 | 0 | 2.607 | 0 | 404 | 404 | 2.203 | 561 | -1.520 | 0 | 122 |
| Samtals | 33.914 | 10.820 | 300 | 44.714 | 17.828 | 23.583 | 41.411 | 3.303 | 2.446 | -3.969 | 0 | -3.112 |

Framlag Sólheima *1) Sólheimar greiddu 10.500 þús. kr. framlag fyrir starfsþjálfun fólks með sérþarfir, auk 320 þús. kr. til atvinnusviðs.
Í ársreikningi Sólheima eru 10.500 þús.kr. færðar undir liðnum: Atvinnustarfsemi, kostnaður umfram tekjur.

Hitaveita Sólheima *3) Framlag Sólheima, sem hluti afgjalds, nam 1.900 þús.kr. með VSK.

Hlutfall framlags Sólheima af launakostnaði fjögurra efstu fyrirtækjanna nam um 63%
Sama hlutfall án Verslunarinnar Völu er hins vegar um 70%

# Viðauki II

Þjónustusamningur Sjálfseignarstofnunarinnar Sólheima og félagsmálaráðuneytisins frá 1. mars 1996.